# AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytið, 2. desember 1991.*

F. h. r.
**Guðmundur Benediktsson.**

Nr. 73 4. desember 1991

# AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytið, 4. desember 1991.*

F. h. r.
**Guðmundur Benediktsson.**

Nr. 74 20. desember 1991

# LÖG

**um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið árið 1991, nr. 26/1991.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breyting verði á 1. gr. laganna:
Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein sem hljóði svo:
Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1991 að fjárhæð allt að 12.800.000 þús.kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1991.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**
(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*